

31. mars 2022

Umhverfis- og framkvæmdanefnd Ísafjarðarbæjar

B.t. Helgu Þuríðar Magnúsdóttur verkefnastjóra

Efni: Frárennismál að Skógarbraut 3 og 3a

Undanfarin ár hefur sterk klóaklykt borist inn í íbúðir að Skógarbraut 3 og 3a upp úr niðurföllum og einnig er lyktin mjög sterk utanhúss yfir sumarið. Í ágúst 2021 sendi undirrituð inn fyrirspurn til Ísafjarðarbæjar þar sem óskað var eftir upplýsingum um frárenniskerfi frá Skógarbraut 3 og 3a þar sem ljóst var að frárennilið var ekki tengt inn á neitt kerfi heldur einungis grjóthrúga fyrir neðan húsin.

Svarið sem barst var að verið væri að vinna í teikna upp nýja lögn svo hægt væri að tengja Skógarbrautina við frárenniskerfi bæjarins.

Fyrirspurn var aftur send nú í mars þar sem óskað var upplýsinga um hvernig þessi mál stæðu og hvort þetta yrði lagfært í sumar. Svarið var að samkvæmt framkvæmdaáætlun verði farið í útboð á fyrsta áfanga verksins að Skógarbraut 2 á næstunni og miðað við að því verki verði lokið í sumar. Síðan yrðu Skógarbraut 3 og 3a á dagskrá 2023.

Íbúar á Skógarbraut 3 og 3a funduðu um málið og óska eindregið eftir því að framkvæmdum verði flýtt svo þessi hús tengist frárenniskerfinu strax á þessu ári. Það er algjörlega óásættanlegt að íbúar við Skógarbraut þurfi enn að búa við foraldarkerfi í frárennismálum. Skítalyktin sem leggur frá grjóthrúgunni er skelfileg mengun sem hefur verið við lýði í tugi ára en þess ber að geta að fyrstu íbúar fluttu inn í húsin 1984.

Fyrir hönd íbúa að Skógarbraut 3 og 3a,

Unnur Árnadóttir

unnurarn@gmail.com

8474998